

Compass Films  
Nýlendugötu 19c  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatnssveit, 19. janúar 2017  
UST201701-020/A.H.  
09.06.01

## Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Dimmuborgir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Compass Films dags. 04. 01. 2017, vegna fyrirhugaðrar kvikmyndatöku í Dimmuborgum. Kvikmyndataka í Dimmuborgum er háð leyfi Umhverfisstofnunar samanber 8. gr. auglýsingar um náttúruvættið, nr 1262/2011.

### Lýsing framkvæmdar:

Stefnt er að því að taka upp í Dimmuborgum þann 24. janúar 2017. Tökurnar munu í mesta lagi standa yfir í 4 klukkustundir. Þrjár manneskjur á gönguskíðum verða kvikmyndaðar þar sem þær fara um göngustígana. Einnig verður notast við dróna við upptökurnar sem mun fara upp að 50 metra hæð. Í heildina munu 8-10 manns koma að verkefninu. Nákvæm staðsetning innan Dimmuborga er ekki komin á hreint en hún verður á lengri göngustígnum, Kirkjuhring eða Mellandahring. Ekki verður lokað fyrir umferð almennings um svæðið meðan á tökum stendur en starfsmenn kvikmyndatökunnar munu biðja fólk um að hinkra meðan tókur eru í gangi.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun heimilar tókurnar fyrir sitt leyti miðað við ofangreinda verkefnalýsingu og telur að þær komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til meðfylgjandi skilyrða:

- Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef frávik verða á verkefnalýsingunni.
- Tilkynna skal sérfræðingi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit nákvæma tímasetningu á tökunum um leið og hún liggur fyrir.
- Öll umferð utan merktra göngustíga er óheimil.
- Þess verði gætt sérstaklega að spjöll verði ekki á gróðri og hraunmyndunum.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna skulu ganga snyrtilega um og gæta þess að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en tókur hefjast.

Landgræðsla ríkisins gerir ekki athugasemdir við þessa framkvæmd.

### Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi vegna notkunar ómannaðs loftfars:

- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólk og forðast skal að trufla friðsæld hins friðlýsta svæðis og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.


- Stjórnandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á hinu friðlýsta svæði, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluti þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara, sbr. upplýsingabréf um ómönnuð loftför, dagsett 6.2.2014. Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10. Samkvæmt reglunum þarf leyfi Samgöngustofu ef ómannað loftfar er yfir 5 kg að heildarþyngd. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að leyfishafi fylgi þeim reglum sem gilda um ómönnuð loftför við kvikmyndatökuna.
- Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.
- Umhverfisstofnun áréttar að umræddar kvikmynda- og ljósmyndatökur og meðferð hins ómannaða loftfars fer alfarið fram á ábyrgð leyfishafa.


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Gjaldið er kr. 52.600 fyrir leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

#### *Eftirlit*

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Arna Hjörleifsdóttir  
sérfræðingur